

Nefndarsvið Alþingis

b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur ritara

Reykjavík 23. maí 2011.

Efni: Umsögn um frumvarp nr. 778/2011 vegna breytinga á barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum (forsjá- og umgengni).

Að beiðni og fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands var stjórn fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd beðin um að gefa umsögn um ofangreint frumvarp.

Það er mat stjórnar fagdeildarinnar að þar komi fram margar góðar tillögur að breytingum á gildandi barnalögum frá 2003. Þar má m.a. nefna tillögur sem gerðar eru til að skilgreina hugtök og innihald forsjár, umgengni barna og búsetu þeirra. Ennfremur þær veigamiklu breytingar sem gerðar eru um réttindi barns í umgengnis- og forsjármálum og þau réttindi sem sérhvert barn á varðandi uppeldi og viðunandi uppeldisaðstæður.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er lagt til að barnaverndaryfirvöld komi ekki á neinn hátt að þeim málum er unnin eru á grundvelli barnalaga. Þetta er mikilvæg og jákvæð breyting sem stuðlar að skýrari og um leið betri málsmeðferð hjá sýslumanni.

Sú tillaga að sérfræðiráðgjöf á vegum sýslumanns verði efld er mikil réttarbót. Hún getur að okkar mati stuðlað að því að fleiri foreldrar nái sátt um innihald forsjár og umgengnisréttar vegna barna sinna í kjölfar skilnaðar og sambúðarslita. Það er hinsvegar mikilvægt að þeir sem vinni að slíkri ráðgjöf hafi hagsmuni barnsins að leiðarljósi og vinni út frá heildarsýn fjölskyldunnar. Lögð er rík áhersla á að þeir sem vinni við slíka ráðgjöf hafi faglegan grunn og reynslu til að geta unnið með ólíkum og fjölbreyttum fjölskyldugerðum.

Í 4. mgr. 12. gr. er fjallað um hlutverk sáttamanns. Þar er lögð áhersla á hlutleysi hans, en það er afar mikilvægt þegar verið að vinna með foreldrum að finna lausn í forsjár- og umgengnismálum, sem best hentar þörfum og högum fjölskyldunnar. Aftur á móti hlýtur hlutleysi hans að markast af því að allar ákvarðanir sem teknar eru þurfa að miðast út frá þörfum og hagsmunum barnsins.


Í 2. mgr. 17. gr. kemur fram „að foreldri sem barn býr hjá er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmæts stjórnvalds“. Hér vakna upp ýmsar spurningar um það hvernig og út frá hvaða gögnum dómari eða lögmætt stjórnvald geti metið hvort umgengni sé andstæð hag og þörfum barnsins. Ennfremur hver eigi að afla þeirra gagna sem ákvörðun dómara á að byggjast á, en það kemur ekki skýrt fram í frumvarpinu.

Í 4. mgr. 19. gr. kemur fram að „þegar sérstök ástæða er til getur sýslumaður mælt svo fyrir í úrskurði að umgengni skuli fara fram undir eftirliti sérfræðings í málefnum barna“. Hingað til hafa starfsmenn barnaverndarnefndar sinnt slíku eftirliti á undanförunum árum. Það er að okkar mati réttarbót að slíkt eftirlit fari fram á vegum sýslumannsins. Það vakna hinsvegar upp spurningar um það hver eigi að sinna slíku eftirliti og hvaða menntun og reynslu þessir starfsmenn eigi að hafa til að geta sinnt þessu verkefni.

Í 26. gr. frumvarpsins kemur fram skýrari ákvæði er varpar upplýsingagjöf til forsjárlaus foreldris. Teljum við það vera mikla réttarbót í þessum málaflokki.

Í 27. gr. kemur fram að stjúppforeldri eigi að framfæra stjúpbarn sitt ef það hefur forsjá. Það hinsvegar vekur upp áhyggjur af því hver eigi að framfæra barn ef stjúppforeldri fer ekki með forsjá barns. Er hætta á því að slík staða veiki stöðu barns á heimili.

Fagna ber því að dómara geti ekki dæmt foreldrum sameiginlega forsjá þar sem það er faglegt mat og skiptar skoðanir á því að þar geti farið saman hagsmunir barns og foreldra.



Páll Ólafsson
Formaður Félagsráðgjafafélags Íslands